

Greinargerð

vegna viðbótar við rekstrarleyfi Arctic Sea Farm hf. í Arnarfirði.

1. Almenn

Arctic Sea Farm hf., kt. 700807-0450, Sindragötu 10, 400 Ísafirði, sótti um rekstrarleyfi til sjókvíaeldis á 4.000 tonna hámarkslífmassa af laxi í Arnarfirði, þann 16. maí 2019.

Tillaga að rekstrarleyfi var auglýst þann 11. október 2021 og rekstrarleyfið var gefið út þann 21. mars 2022. Í vinnslu við útgáfu leyfisins kom umsögn frá Hafrannsóknastofnun varðand fjarlægð eldissvæðisins í Trostansfirði. Umrætt eldissvæði er í innan við 5 km fjarlægð frá ósum Sunnudalsár og Norðdalsár og í ljósi umsagnar Hafrannsóknastofnunar taldi Matvælastofnun vafa leika á því hvort villtir laxastofnar með sjálfbæra nýtingu væri að finna í ánum sem vísað er í að framan. Matvælastofnun tók á þeim tíma ákvörðun um að gefa leyfið út en svæðið í Trostansfirði var undanskilið þar sem stofnunin taldi að ekki væri hægt að tryggja að skilyrðum 18.gr. reglugerðar nr. 540/2020 væri mætt.

Arctic Sea Farm hf. kærði þessa niðurstöðu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála þann 21. mars 2022. Þann 19. október 2022 úrskurðaði nefndin á þann veg að Matvælastofnun hafi verið óheimilt að hafna umsækjanda um svæðið í Trostansfirði á þeim forsendum sem fjallað er um hér að framan.

Matvælastofnun auglýsti því viðbót við leyfi Arctic Sea Farm hf. nr. FE-1159 þann 10. október þar sem hægt var að gera athugasemdir til og með 10. nóvember 2025.

2. Úrskurður úrskurðarnefndar um umhverfis- og auðlindamál nr. 37/2022

Líkt og vísað er til hér að framan þá kærði Arctic Sea Farm hf. (ASF) þá niðurstöðu Matvælastofnunar að gefa út leyfi en að undanskilja þar svæðið Trostansfjörð. Úrskurðanefnd umhverfis- og auðlindamála barst kæra frá ASF vegna þessa og er málið rakið í úrskurði nefndarinnar nr. 37/2022.

Matvælastofnun hafnaði ASF um svæðið Trostansfjörð þar sem stofnunin gæti hvorki tryggt að fjarlægðarmörk frá ám með villta stofna laxfiska og sjálfbæra nýtingu væru eigi styttri en 5 km, sbr. 6. mgr. 18. gr. reglugerðar nr. 540/2020 um fiskeldi, né tryggt að minnsta fjarlægð milli fiskeldisstöðva ótengdra aðila í sjókvíaelði væri styttri en 5 km, sbr. 5. mgr. sömu reglugerðargreinar. Var sú ákvörðun m.a. byggð á umsögn Hafrannsóknastofnunar þar sem fram kom að stofnunin gæti ekki lagt mat á sjálfbærni veiða í Sunndalsá og Norðdalsá, sem renna til sjávar í Trostansfirði, vegna skorts á gögnum.

Niðurstaða úrskurðar úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála nr. 37/2022 var sú að Matvælastofnun hafi ekki verið heimilt að hafna ASF um eldissvæðið Trostansfjörð á þeim forsendum sem vísað er til hér að framan.

3. Viðbótargögn vegna Trostansfjarðar

3.1. Áhættumat siglinga

Áhættumat siglinga var framkvæmt fyrir svæðið í Trostansfirði af Eflu verkfræðistofu í samræmi við greinargerð um áhættumat siglinga sem unnið var af Vegagerðinni, Samgöngustofu og Landhelgisgæslu Íslands. Niðurstaða þess mats var sú að staðsetning eldissvæðisins hefði lítil sem engin áhrif á siglingaöryggi.

Í niðurstöðu greinargerðar Vegagerðarinnar vegna eldissvæðisins í Trostansfirði kemur fram að svæðið er ekki talið ógna siglingaöryggi. Ekki er talin þörf á mótvægisáðgerðum en að merkingar þurfi að vera í samræmi við viðauka V í reglugerð nr. 540/2020 um fiskeldi og hafa skuli samráð við Vegagerðina um gerð og staðsetningu merkja í samræmi við lög nr. 132/1999 um vitamál.

Samgöngustofa fékk áhættumatið til umsagnar í samræmi við 10. gr. laga nr. 132/199 um vitamál. Samgöngustofa gerði ekki athugasemd við niðurstöðu matsins að því gefnu að farið verði eftir fyrirmælum um staðsetningu kvía, festinga og farið sé eftir þeim lögum og reglum sem um slíka starfsemi gilda.

3.2. Sjúkdómstengdir þættir sem kunna að fylgja starfsemi fiskeldisstöðvar

Með reglugerð nr. 462/2021 var innleidd með tilvísunaraðferð reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/691 frá 30. janúar 2020 um viðbót við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar reglur um lagareldisstöðvar og flutningsaðila fyrir lagardýr. Í 5. gr. reglugerðarinnar, sbr. b. liður 7. gr., kemur m.a. fram að lögbært yfirvald skuli einungis samþykkja lagareldisstöðvar hafi rekstraraðilar þeirra þróað og skjalfest áætlun um smitvarnir (d. bioskringsplan) sem uppfylli tilteknar kröfur, m.a. um að tilgreindar séu þær leiðir sem sjúkdómsvaldur geti komist eftir inn í lagareldisstöðina eða hóp lagareldisstöðva, dreifst innan hennar og borist frá henni út í umhverfið eða til annarra lagareldisstöðva, sbr. a. lið. Jafnframt að tekið sé tillit til sérkenna einstakra lagareldisstöðva eða hóps lagareldisstöðva og tilgreindar mildandi ráðstafanir fyrir hverja áhættu varðandi smitvarnir sem hefur greinst, sbr. b. lið. Að auki er vísað til þátta sem nánar koma fram í viðauka við reglugerðina.

Matvælastofnun kallaði eftir smitvarnaráætlun frá rekstraraðila og bárust drög að henni í tölvupósti og uppfærð smitvarnaráætlun þann 7. mars 2025. Matvælastofnun óskaði eftir því að sérgreinadýralækni fisksjúkdóma færi yfir smitvarnaráætlunina og gæfi álit sitt á því hvort hún uppfyllti skilyrði framangreindra laga og reglugerða.

Álit sérgreinadýralæknis fisksjúkdóma barst þann 3. desember 2025 og mat hann smitvarnaáætlun rekstrarleyfishafa fullnægjandi og samþykkti hana.

Í ljósi þessa telur Matvælastofnun að sameiginleg smitvarnaráætlun rekstrarleyfishafa í Arnarfirði sé fullnægjandi grundvöllur fyrir rekstri stöðvarinnar með tilliti til smitvarna.

4. Athugasemdir sem bárust á auglýsingatíma vegna rekstrarleyfistillögunnar

Tillaga að rekstrarleyfi var auglýst á tímabilinu 10. október til og með 10. nóvember 2025 á heimasíðu Matvælastofnunar. Athugasemdir bárust frá Fiskistofu, Halldóri Jónssyni f.h. Jóns Páls Halldórssonar eiganda 1/3 hlutar Trostansfjarðar.

- Fiskistofa sendi inn athugasemd vegna viðbótarinnar þar sem þeir telja að viðbótin er talin hafa neikvæð áhrif á vistkerfi villtra fiskistofna í Norðdalsá og Sunnudalsá. Ef heimila eigi svæðið verði rekstrarleyfishafi að leggja fram upplýsingar um að eldið hafi ekki neikvæð áhrif á vistkerfi villtra fiskistofna. Einnig vísar Fiskistofa til þess að bjóða verði veiðiréttihöfum áður nefndra áa að koma sínum sjónarmiðum á framfæri.***

Matvælastofnun vísar til þess að fyrir liggur álit vegna eldisins frá Skipulagsstofnun um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar, dags. 13. júlí 2020, þar sem álitid var að matsskýrsla uppfylli skilyrði laga og reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum og að umhverfisáhrifum hafi verið lýst á fullnægjandi hátt. Í því áliti ásamt matsskýrslu framkvæmdaraðila er fjallað um svæðið í Trostansfirði.

Matvælastofnun vísar til niðurstöðu í úrskurði úrskurðanefndar 37/2022. Í niðurstöðu þess úrskurðar kemur fram „að megintilgangur 6. mgr. 18. gr. reglugerðar nr. 540/2020 sé sá að draga úr líkum á því að smit berist úr laxeldi í villta stofna og að villtir fiskar beri smit í fisk í kvíum. Þarf ekki að fara mörgum orðum um mikilvægi þessara hagsmuna fyrir hlutaðeigandi sem og undirliggjandi markmið um vernd líffræðilegrar fjölbreytni. Segja má á hinn bóginn að með reglugerðinni hafi verið sett mörk fyrir það hvenær áhætta þessi skuli teljast ásættanleg, að öðrum forsendum fullnægðum. Í lögum um lax- og silungsveiði er sjálfbær nýting fiskstofna

skilgreind svo að það sé nýting þar sem ekki er gengið á fiskstofn. Eftir veiði sé hrygningarstofn nægilega stór til þess að tryggja eðlilega nýliðun og til þess að viðhalda fjölbreytileika stofnsins. En „hjá því verður ekki litið að stofnstærð laxfiska í Sunndalsá og Norðdalsá virðist ekki slík að þoli að þar sé stunduð sjálfbær veiðinýting í þessum skilningi. Að vísu nýtur ekki við opir berrar skráningar á veiði, þar sem veiðiskýrslum hefur ekki verið skilað, en Hafrannsóknastofnun greinir frá því í umsögn sinni, að samkvæmt samtölum við staðkunnuga sé veiði nokkrir tugir laxa á ári og vottur af sjóbirtingi. Um leið hefur stofnunin áætlað að fjöldi gönguseiða laxa í Sunndalsá sé einungis um 500 á ári hverju, sem miðað við hvað þekkist um endurheimt laxaseiða úr sjó, verður að telja mjög lítið. Á þessum grundvelli kemst stofnunin enda til þeirrar niðurstöðu, þótt bundin sé fyrirvara um tiltækar heimildir, að fiskstofnar anna tveggja falli utan skilgreiningar reglugerðar nr. 540/2020.“

Matvælastofnun vísar einnig til ákvæða í lögum og reglugerð um fiskeldi er varða áhrif á villta laxastofna ásamt skilyrðum sem sett eru í rekstrarleyfi. Þar má nefna vistfræðileg áhrif, varúðarráðstafanir vegna stroks, skráning uppruna eldislax og sjúkdómsvarnir.

Veiðiréttshafar hafa haft tækifæri til að gera athugasemdir við fyrirætlanir framkvæmdaraðila frá því að frummatsskýrsla fór í auglýsingu árið 2018 ásamt opinberu ferli leyfisveitinga. Vísað er til umsagnar hér frá Halldóri Jónssyni f.h. landeiganda í Trostansfirði er varðar aðkomu veiðiréttshafa.

- **Halldór Jónsson f.h. landeiganda við Trostansfjörð gerir eftirfarandi athugasemdir við auglýsta viðbót.**

Gerð er athugasemd við umhverfisáhrif og vöktun. Þar er þess krafist að fram fari nýtt og ítarlegt mat á umhverfisáhrifum vegna viðbótarinnar. Einnig ver vísað til villtra laxastofna.

Gerð er athugasemd við fjarlægðamörk við ár með villta laxastofna og vísar til varúðarreglu. Eldissvæðið sé í innan við 5 km fjarlægð frá ósum áa sem í finnist villtir laxastofnar og það verði að vera skírt hvernig það samræmist varúðarreglu náttúruverndar.

Gerð er athugasemd við smitvarnir og áhættumat siglinga. Tryggja verði ábyrgðaskiptingu og verkferla vegna sameiginlegra smitvarna með öðrum aðila á svæðinu. Áætlanir um smitvarnir verði að vera raunhæfar og mælanlegar. Einnig er óskað eftir því að smitvarnaáætlun og áhættumat siglinga verði gert opinbert.

Óskað er einnig eftir skýringum á hvernig viðbótin fellur að stefnu stjórnvalda um landsstefnu um sjálfbært fiskeldi einkum með hliðsjón af burðarþoli og heildaráhrifum starfseminnar í firðinum.

Kallað er eftir samráði og gangsæi við almenning og hagsmunaaðila. Kallað er eftir því að frestur verði lengdur þar sem birta þurfi gögn sem eru til grundvallar slíkrí ákvörðun.

Matvælastofnun vísar til þess að fyrir liggur álit frá Skipulagsstofnun vegna framkvæmdarinnar gefið út þann 13. júlí 2020. Í matsskýrslu rekstraraðila og áliti Skipulagsstofnunar er fjallað ýtarlega um þá þætti er snúa að umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Þar er fjallað um svæðið í Trostansfirði og þau skilyrði sem Skipulagsstofnun setti fyrir því að hægt væri að gefa út leyfi. Matvælastofnun telur að öll þau skilyrði séu uppfyllt er snúa að rekstrarleyfi. Jafnframt er vísað til ýtarlegra vöktunarkrafna vegna starfsleyfis Umhverfis- og orkustofnunar á vatnshlotið. Vísað er í umfjöllun um villta laxastofna í næstu athugasemd.

Matvælastofnun vísar til fyrri afgreiðslu vegna leyfisveitingar í Arnarfirði. Rekstrarleyfistillaga var áður auglýst þar sem eldissvæðið Trostansfjörður var inni, en í vinnslu við útgáfu leyfisins kom umsögn frá Hafrannsóknastofnun er snéri að fjarlægð eldissvæðisins í Trostansfirði við veiðiár. Umrætt eldissvæði er í innan við 5 km fjarlægð frá ósum Sunndalsár og Norðdalsár og í ljósi umsagnar Hafrannsóknastofnunar taldi Matvælastofnun vafa leika á því hvort villtir laxastofnar með sjálfbæra nýtingu væri að finna í ánum sem vísað er í að framan. Matvælastofnun tók á þeim tíma ákvörðun um að gefa leyfið út en svæðið í Trostansfirði var undanskilið þar sem stofnunin taldi að ekki væri hægt að tryggja að skilyrðum 18.gr. reglugerðar nr. 540/2020 væri mætt. Var þar m.a. verið að horfa til varúðarreglu. Arctic Sea Farm hf. kærði þessa niðurstöðu Matvælastofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála þann 21. mars 2022. Þann 19. október 2022 úrskurðaði nefndin á þann veg að Matvælastofnun hafi verið óheimilt að hafna umsækjanda um svæðið í Trostansfirði á þeim forsendum sem fjallað er um hér að framan.

Matvælastofnun vísar til þess að fyrir liggur sameiginleg smitvarnaráætlun rekstraraðila í Arnarfirði að auki liggur fyrir samstarfssamningur milli aðilanna. Smitvarnaráætlanir eru samþykktar af sérgreinaðýralækni fisksjúkdóma Matvælastofnunar áður en eldið verður heimilað. Þegar um sameiginlega áætlun er að ræða er verklag skírt er snýr að útsetningu eldisfisks þannig að dregið er úr hættu á smiti milli eldissvæða. Matvælastofnun vísar til auglýsingar um viðbót en þar eru gögn um áhættumati siglinga og niðurstöðu þess.

Matvælastofnun vísar til þess að fyrir liggur burðarþol fyrir Arnarfjörð, sú viðbót að Trostansfjörður komi inn sem eldissvæði hefur ekki áhrif á það þar sem ekki er verið að auka lífmassa í firðinum. Að mati Matvælastofnunar fellur þessi viðbót vel að þeim markmiðum sem fram komu í skýrslunni „Staða of framtíð lagareldis á Íslandi“ sem gefin var út af Matvælaráðuneytinu í febrúar 2023. Burðarþol fjarðarins var þegar full nýtt þegar leyfi rekstraraðila var gefið út í mars 2022, ekki er verið að auka lífmassa með viðbótinni. Jafnframt er vísað til þess að Matvælastofnun ber að bregðast við ef breyting verður að burðarþoli eða áhættumati með því að breyta leyfum til samræmis.

Matvælastofnun vísar til þess að frestur til að gera athugasemdir eru fjórar vikur, ekkert í þessum athugasemdum gefur ástæðu til að lengja þann frest. Framkvæmdin hefur farið í gegn um opinbert ferli um mat á umhverfisáhrifum þar sem möguleikum á aðkomu almennings hefur verið gætt.

5. Aðrar leyfisveitingar

Til starfrækslu fiskeldisstöðva þarf rekstrarleyfi Matvælastofnunar og starfsleyfi Umhverfis- og orkustofnunar, sbr. 1. mgr. 4. gr. b. laga nr. 71/2008 um fiskeldi. Unnið var að samræmingu rekstrarleyfis og starfsleyfis hjá stofnununum sbr. lög nr. 71/2008 um fiskeldi og lög nr. 71/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Starfsemin þarfnast einnig byggingarleyfis frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun vegna sjókvía.

6. Forendur útgáfu

Matvælastofnun telur að undangenginni ítarlegri yfirferð á fyrirliggjandi gögnum að skilyrði til að bæta eldissvæðinu Trostansfirði við gildandi rekstrarleyfi FE-1159 séu uppfyllt. Viðbótin er í samræmi við gildandi burðarþolsmat, áhættumat erfðablöndunar og strandsvæðisskipulag Vestfjarða. Að öðru leyti en framan greinir vísast til greinargerðar sem fylgdi útgáfu rekstrarleyfis FE-1159 frá 21. mars 2022.

7. Gildistaka

Matvælastofnun hefur nú tekið ákvörðun um að bæta eldissvæðinu Trostansfirði við rekstrarleyfi Arctic Sea Farm hf. í Arnarfirði.

Viðbót við rekstrarleyfið tekur þegar gildi, en gildistími leyfisins helst óbreyttur og er til 21.03.2038.

Samhliða útgáfu rekstrarleyfis þessa þá afhendir Matvælastofnun jafnframt breytt starfsleyfi Umhverfis- og orkustofnunar.

Akureyri, 4. desember 2025

